

## REGLUGERÐ

**um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum,  
sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar  
slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu.**

### 1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla, I. viðauka og XII. kafla, II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerð gildi hér á landi:

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/6 frá 5. janúar 2016 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 322/2014.

### 2. gr.

Ofangreind framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa.

### 3. gr.

Allur kostnaður við opinbert eftirlit, þ.m.t. sýnataka, greining sýna, geymsla, förgun og allar aðrar ráðstafanir sem gripið er til skal greiddur af innflutnings- og dreifingaraðilum eftir því sem við á.

### 4. gr.

Innflutnings- eða dreifingaraðilar sem flytja inn eða dreifa vörum sem reglugerð þessi tekur til, skulu senda Matvælastofnun tilkynningu og gögn um fyrirhugaðan innflutning ásamt upplýsingum um áætlaðan komutíma.

### 5. gr.

Matvælastofnun hefur eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt samkvæmt 6. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 3. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 6. gr.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og 9. gr. og 9. gr. a – 9. gr. e laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 27. gr. b og 31. gr. a laga nr. 93/1995, um matvæli og 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.

### 8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Reglugerð nr. 846/2014 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu, með síðari breytingum, fellur brott á sama tíma.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 12. febrúar 2016.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Ólafur Friðriksson.**

*Eggert Ólafsson.*

**Fylgiskjal.****FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/6**

frá 5. janúar 2016

**um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu og um niðurfellingu reglugerðar (ESB) nr. 322/2014**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, einkum ii. lið b-liðar 1. mgr. 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- (1) Í 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um möguleika á að samþykkja viðeigandi neyðarráðstafanir Evrópusambandsins vegna matvæla og fódurs, sem flutt eru inn frá þriðja landi, til að vernda heilbrigði manna, heilbrigði dýra eða umhverfið ef ekki er hægt að hafa fullnægjandi stjórn á þessari áhættu með þeim ráðstöfunum sem aðildarríkin hafa gripið til hvert fyrir sig.
- (2) Í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu 11. mars 2011 var framkvæmdastjórninni tilkynnt um að styrkur geislavirkra kjarnategunda í tilteknum matvælum, sem eru upprunnin í Japan, væri umfram þau aðgerðarmörk fyrir matvæli sem gilda í Japan. Slik mengun getur skapað hættu fyrir heilbrigði manna og dýra í Evrópusambandinu og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 297/2011 var því samþykkt. Í stað þeirrar reglugerðar kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 961/2011 en síðar kom framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 284/2012 í hennar stað. Í stað þeirrar síðari kom framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 996/2012 en síðar kom framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 322/2014 í hennar stað.
- (3) Þar eð í framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 er kveðið á um að ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í henni, skuli endurskoðaðar eigi síðar en 31. mars 2015 og til að taka tillit til frekari þróunar á aðstæðum og til gagna um tilvik fyrir 2014 að því er varðar geislavirkni í fódri og matvælum þykir rétt að fella úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 og samþykkja nýja reglugerð.
- (4) Gildandi ráðstafanir hafa verið endurskoðaðar að teknu tilliti til fleiri en 81.000 gagna um tilvik geislavirkni í fódri og matvælum öðrum en nautakjöti og fleiri en 237.000 gagna um tilvik geislavirkni í nautakjöti sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram varðandi fjórða ræktunartímabilið frá því að slysið átti sér stað.
- (5) Áfengir drykkir, sem falla undir SN-númer 2203 til 2208, eru ekki lengur afráttarlaust undanskildir gildissviðinu þar eð kröfurnar um sýnatöku og greiningu og yfirlýsingu gilda um skilgreinda skrá yfir fódur og matvæli.
- (6) Upplýsingar sem japönsk yfirvöld hafa lagt fram færa sönnur á að ekki er lengur nauðsynlegt að krefjast sýnatöku og greiningar á fódri og matvælum, sem eru upprunnin í héruðunum Aomori og Saitama varðandi hvort geislavirkni sé fyrir hendi, fyrir útflutning til Sambandsins.
- (7) Að því er varðar fódur og matvæli sem eru upprunnin í héraðinu Fukushima hefur viðmiðunin um að japönsk yfirvöld hafi ekki fundið neitt tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum í tvö ár í röð (2013 og 2014) verið notuð við núgildandi endurskoðun til að aflétta kröfunni um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins að því er varðar fódur og matvæli. Að því er varðar annað fódur og matvæli, sem eru upprunnin í því héraði, er rétt að viðhalda kröfunni um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins.
- (8) Ákvæði þessarar reglugerðar skulu sett þannig fram að héruðin, þar sem sömu matvæli og fódur þurfa að gangast undir sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins, eru flokkuð saman til að auðvelda beitingu þessarar reglugerðar.
- (9) Að því er varðar héruðin Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Iwate og Chiba er sem stendur krafist sýnatöku og greiningar á ætisveppum, lagarafurðum, hrísgrjónum, sojabönum, bókhveiti og tilteknum ætum villtum plöntum og unnum og afleiddum afurðum úr þeim fyrir útflutning til Sambandsins. Sömu kröfur gilda um samsett matvæli sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum. Gögnin um tilvikin fyrir fjórða ræktunartímabilið færa sönnur á að ekki sé lengur þörf á að krefjast sýnatöku og greiningar á sumum þessara matvæla og fódurvara fyrir útflutning til Sambandsins.
- (10) Að því er varðar héruðin Akita, Yamagata og Nagano er sem stendur krafist sýnatöku og greiningar á ætisveppum og tilteknum ætum villtum plöntum og unnum og afleiddum afurðum úr þeim fyrir útflutning til Sambandsins. Gögnin um tilvikin fyrir fjórða ræktunartímabilið færa sönnur á að ekki sé lengur þörf á að krefjast sýnatöku og greiningar á einni af ætu villtu plöntunum fyrir útflutning til Sambandsins. Hins vegar þykir rétt, þar sem ákvæðum var ekki fylgt varðandi æta villta plöntu, að krefjast sýnatöku og greiningar á þessari ætu villtu plöntu sem er upprunnin í þessum héruðum.
- (11) Gögnin um tilvikin fyrir fjórða ræktunartímabilið færa sönnur á að rétt er að viðhalda kröfunum um sýnatöku og greiningu fyrir útflutning til Sambandsins á ætisveppum sem eru upprunnir í héruðunum Shizuoka, Yamanashi og Niigata. Þar sem ákvæðum

var ekki fylgt varðandi æta villta plöntu þykir rétt að krefjast sýnatöku og greiningar á þessari ætu villtu plöntu sem er upprunnin í þessum héruðum.

- (12) Eftirlitið, sem framkvæmt er við innflutning, sýnir að framkvæmd japanskra yfirvalda á sérstöku skilyrðunum, sem kveðið er á um í lögum Sambandsins, er rétt og að ekki hafa komið upp tilvik við innflutningseftirlit, þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum, í meira en þrjú ár. Því þykir rétt að halda tíðni eftirlits við innflutning áfram í lágmarki og hætta að krefjast þess að aðildarríki upplýsi framkvæmdastjórnina á þriggja mánaða fresti um allar niðurstöður greiningar með hraðviðvörunarkerfinu fyrir matvæli og föður.
- (13) Umbreytingarráðstafanirnar, sem kveðið er á um í japanskri löggjöf, sem settar eru fram í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 eiga ekki lengur við um föður og matvæli sem eru flutt inn frá Japan og ætti því ekki lengur að vísa til þeirra í þessari reglugerð.
- (14) Rétt þykir að gera ráð fyrir endurskoðun ákvæða þessarar reglugerðar verði þegar niðurstöðurnar úr sýnatöku og greiningu á því hvort geislavirkni sé fyrir hendi í föðri og matvælum liggja fyrir eftir fimmra ræktunartímabilið (2015) frá því að slysið átti sér stað, þ.e. eigi síðar en 30. júní 2016. Ákvarða skal viðmiðanirnar fyrir endurskoðunina þegar endurskoðunin fer fram.
- (15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og föður.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr. Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um föður og matvæli í skilningi 2. mgr. 1. gr. reglugerðar ráðsins (KBE) nr. 3954/87 (hér á eftir nefnd „afurðirnar“), sem eru upprunnin í Japan eða send þaðan, að undanskildum:

- (a) afurðum sem voru uppskornar og/eða unnar fyrir 11. mars 2011;
- (b) vörusendingum með föðri og matvælum, sem eru úr dýraríkinu, til einkaneyslu sem falla undir 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 206/2009;
- (c) vörusendingum með föðri og matvælum, sem eru ekki úr dýraríkinu, sem eru ekki viðskiptalegs eðlis og eru ætlaðar einstaklingi eingöngu til einkaneyslu og notkunar. Sönnunarbyrðin skal hvíla hjá viðtakanda vörusendingarinnar ef um vafa er að ræða.

##### 2. gr. Skilgreining

Í þessari reglugerð merkir hugtakið „vörusending“:

- Að því er varðar afurðir sem sýnatöku og greiningar er krafist fyrir skv. 5. gr.: það magn af föðri eða matvælum, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem eru í sama flokki eða með sömu lýsingu og falla undir sama skjalið eða skjölin, eru flutt með sama flutningatæki og eru frá sama héraðinu í Japan;
- Að því er varðar aðrar afurðir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar: það magn af föðri eða matvælum, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, sem falla undir sama skjalið eða skjölin, eru flutt með sama flutningatæki og eru frá einu eða fleiri héruðum í Japan, innan þeirra marka sem sett eru fram í yfirlýsingunni sem um getur í 5. gr.

##### 3. gr. Innflutningur inn í Sambandið

Afurðir má aðeins flytja inn í Sambandið ef þær eru í samræmi við þessa reglugerð.

##### 4. gr. Hámarksgildi fyrir sesíum-134 og sesíum-137

Afurðirnar skulu vera í samræmi við hámarksgildin fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137, eins og sett er fram í I. viðauka.

##### 5. gr. Yfirlýsing er varðar tiltekna afurðir

1. Hverri sendingu af ætisveppum, fiski og lagarafurðum, að undanskildum diskum, hrísgrjónum, sojabáunum, gallaldinum, japansfílum, *Aralia* spp. bambussprotum, arnarburkna, japönskum kóngaburkna, körfuburkna og koshiabura eða afleiddum afurðum eða föðurlöndu eða samsettum matvælum, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem er upprunnin í Japan eða send þaðan, skal fylgja gild yfirlýsing sem er samín og undirrituð í samræmi við 6. gr.
2. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal staðfest að afurðirnar séu í samræmi við gildandi löggjöf í Japan.
3. Í yfirlýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skal ennfremur votta að:
  - (a) afurðin hafi verið uppskorin og/eða unnin fyrir 11. mars 2011 eða
  - (b) afurðin sé ekki upprunnin í og send frá einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist, eða

- (c) afurðin sé send frá en ekki upprunnin í einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist og hefur ekki orðið fyrir geislavirkni við flutninginn eða
  - (d) afurðin er upprunnin í einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist og henni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu eða
  - (e) ef afurðirnar eða innihaldsefnin, sem eru meira en 50%, eru af óþekktum uppruna: að afurðinni fylgi skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.
4. Fiskar eða lagarafurðir sem eru veiddar eða uppskornar í strandsjó héraðanna Fukushima, Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Chiba eða Iwate skal fylgja yfirlýsing, sem um getur í 1. mgr., ásamt skýrslu um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu, óháð því hvar slíkum afurðum er landað.

*6. gr.*

*Samningur og undirritun yfirlýsingarinnar*

1. Yfirlýsingin, sem um getur í 5. gr., skal samin í samræmi við fyrirmyndina í III. viðauka.
2. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í a-, b- og c-lið 3. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra japanskra yfirvalda eða viðurkenndur fulltrúi aðila, sem lögbær, japönsk yfirvöld viðurkenna og starfar undir þeirra stjórn og eftirliti, undirrita yfirlýsinguna.
3. Að því er varðar afurðirnar, sem um getur í d- og e-lið 3. mgr. 5. gr. og í 4. mgr. 5. gr., skal viðurkenndur fulltrúi lögbærra, japanskra yfirvalda undirrita yfirlýsinguna og henni skal fylgja skýrsla um greiningu þar sem fram koma niðurstöður úr sýnatöku og greiningu.

*7. gr.*

*Auðkenning*

Hver sending af afurðum, sem um getur í 5. gr. (1. mgr.), skal auðkennd með kóða sem skal tilgreindur á yfirlýsingunni sem um getur í 5. gr., á skýrslunni um greiningu sem um getur í 6. gr. (3. mgr.), á samræmdu innflutningsskjali eða samræmdu heilbrigðis- og innflutningsskjali fyrir dýr og dýraafurðir, sem um getur í 9. gr. (2. mgr.), og á heilbrigðisvottorðinu sem fylgir sendingunni.

*8. gr.*

*Skoðunarstöðvar á landamærum og tilnefndur komustaður*

1. Sendingar á afurðum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skulu fluttar inn í Sambandið um tilnefndan komustað í merkingu b-liðar 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 669/2009 (hér á eftir nefndur „tilnefndur komustaður“).
2. 1. mgr. gildir ekki um sendingar af afurðum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og falla undir gildissvið tilskipunar ráðsins 97/78/EB. Þessar sendingar skulu koma til Sambandsins um skoðunarstöð á landamærum í skilningi g-liðar 2. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.

*9. gr.*

*Fyrirframtilkynning*

1. Stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja eða fulltrúar þeirra skulu senda fyrirframtilkynningu um komu hverrar sendingar af afurðum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.
2. Að því er varðar fyrirframtilkynningu skulu stjórnendur fôður- og matvælafyrirtækja, eða fulltrúar þeirra, fylla út:
  - (a) fyrir afurðir sem ekki eru úr dýraríkinu: I hluta samræmda innflutningsskjalsins, sem um getur í a-lið 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 669/2009, með tilliti til leiðbeininganna um samræmda innflutningsskjalið sem mælt er fyrir um í II. viðauka við þá reglugerð; að því er varðar þessa reglugerð getur reitur I.13 á samræmda innflutningsskjalinu innihaldið fleira en eitt vörunúmer.
  - (b) að því er varðar fisk og lagarafurðir: samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem sett er fram í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004.

Senda skal viðkomandi skjal til lögbærra yfirvalda á tilnefnda komustaðnum eða skoðunarstöðinni á landamærum a.m.k. tveimur virkum dögum áður en vörusendingin berst.

*10. gr.*

*Opinbert eftirlit*

1. Lögbær yfirvöld á skoðunarstöð á landamærum eða tilnefndum komustað skulu annast eftirfarandi eftirlit með afurðunum sem um getur í 1. mgr. 5. gr.:
  - (a) skjalaskoðun að því er varðar allar vörusendingar,
  - (b) slembisannprófun auðkenna og slembieftirlit með ástandi, þ.m.t. greining á rannsóknarstofu, til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi. Niðurstöður greininganna skulu vera aðgengilegar innan fimm virkra daga.
2. Ef niðurstöður greiningar á rannsóknarstofu leiða í ljós að ábyrgðaryfirlýsingarnar, sem veittar eru í yfirlýsingunni sem um getur í 5. gr., eru rangar telst yfirlýsingin ógild og sendingin af fôðri eða matvælum er ekki í samræmi við þessa reglugerð.

11. gr.  
*Kostnaður*

Stjórnandi fôður- og matvælafyrirtækisins skal bera allan kostnað, sem um getur í 10. gr., sem fellur til vegna opinbers eftirlits og annast allar ráðstafanir sem gripið er til ef ákvæðum er ekki fylgt.

12. gr.  
*Afgreiðsla í frjálst flæði*

1. Hver sending afurða, sem um getur í 1. mgr. 5. gr., skal afgreidd í frjálst flæði með fyrirvara um að stjórnandi fôður- eða matvælafyrirtækisins eða fulltrúi hans afhendi (í eigin persónu eða rafrænt) tollyfirvöldum samræmt innflutningsskjal, sem lögbært yfirvald hefur fyllt út á tilhlýðilegan hátt, þegar öllu opinberu eftirliti er lokið. Tollyfirvöld skulu eingöngu afgreiða vörusendinguna í frjálst flæði ef ákvörðun lögbæra yfirvaldsins, sem kemur fram í reit II.14 í samræmda innflutningsskjalinu og undirrituð í reit II.21 í samræmda innflutningsskjalinu, er jákvæð.
2. Fyrsta málsgrein gildir ekki um sendingar af afurðum sem um getur í 1. mgr. 5. gr. og falla undir gildissvið tilskipunar 97/78/EB. Afgreiðsla þessara vörusendinga í frjálst flæði skal háð reglugerð (EB) nr. 136/2004.

13. gr.  
*Afurðir sem ekki uppfylla ákvæði*

Afurðir sem uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar skulu ekki settar á markað. Slíkum afurðum skal fargað á öruggan hátt eða þær sendar aftur til Japan.

14. gr.  
*Endurskoðun*

Endurskoða skal þessa reglugerð fyrir 30. júní 2016.

15. gr.  
*Niðurfelling*

Framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 er felld úr gildi.

16. gr.  
*Umbreytingarákvæði*

Þrátt fyrir 3. gr. er heimilt að flytja afurðir inn í Sambandið við eftirfarandi skilyrði:

- (a) að þær séu í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 og
- (b) að þær hafi annaðhvort farið frá Japan fyrir gildistöku þessarar reglugerðar eða að þær hafi farið frá Japan eftir gildistöku þessarar reglugerðar en fyrir 1. febrúar 2016 og að þeim fylgi yfirlýsing í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 322/2014 sem gefin var út fyrir gildistöku þessarar reglugerðar.

17. gr.  
*Gildistaka*

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 5. janúar 2016.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*  
*forseti.*  
*Jean-Claude JUNCKER*

## I. VIÐAUKI

**Hámarksgildi fyrir fóður<sup>1</sup> (Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf**

	Matvæli fyrir ungbörn og smábörn	Mjólk og drykkir sem eru að stofni til úr mjólk	Ölkelduvatn og áþekkir drykkir og te sem er lagað úr ógerjuðum laufum	Önnur matvæli
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	50 <sup>2</sup>	50 <sup>2</sup>	10 <sup>2</sup>	100 <sup>2</sup>

- (1) Þegar um er að ræða þurrkaðar vörur, sem ætlaðar eru til neyslu eftir að þær hafa verið endurgerðar með því að bæta vatni í þær, á hámarksgildið við um endurgerðu vöruna þegar hún er tilbúin til neyslu.  
Þegar um er að ræða þurrkaða sveppi skal beita endurgerðarstuðlinum 5.  
Þegar um er að ræða te á hámarksgildið við um seyðið sem er lagað úr ógerjuðum telaufum. Vinnslustuðullinn fyrir þurrkað te er 50 og því tryggir hámarksgildi sem nemur 500 Bq/kg fyrir þurrkuð telauf að styrkurinn í lagaða teinu fari ekki yfir hámarksgildið 10 Bq/kg.
- (2) Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð (KBE) nr. 3954/87.

**Hámarksgildi fyrir fóður<sup>1</sup> (Bq/kg) eins og kveðið er á um í japanskri löggjöf**

	Fóður sem er ætlað fyrir nautgripi og hesta	Fóður sem er ætlað fyrir svín	Fóður sem er ætlað fyrir alifugla	Fiskafóður <sup>3</sup>
Samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137	100 <sup>2</sup>	80 <sup>2</sup>	160 <sup>2</sup>	40 <sup>2</sup>

- (1) Hámarksgildi í fódri, reiknað út frá 12% rakainnihaldi.
- (2) Til að tryggja samræmi við hámarksgildin sem gilda, eins og sakir standa, í Japan skulu þessi gildi koma til bráðabirgða í staðinn fyrir gildin sem mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (KBE) nr. 770/90 frá 29. mars 1990 um leyfð hámarksgildi fyrir geislavirka mengun í fódri í kjölfar kjarnorkuslyss eða hvers kyns annars neyðarástand af völdum geislunar (Stjtið. EB L 83, 30.3.1990, bls. 78).
- (3) Að undanskildu fódri fyrir skrautfiska.

## II. VIÐAUKI

**Fóður og matvæli þar sem kraft er sýnatöku og greiningar til að kanna hvort sesíum-134 og sesíum-137 sé fyrir hendi fyrir útflutning til Sambandsins**

**(a) afurðir sem eru upprunnar í héraðinu Fukushima:**

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59, 0712 31, 0712 32, 0712 33, 0712 39, 2003 10, 2003 90 og 2005 99 80;
- fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 1504 10, 1504 20, 1604 og 1605, að undanskildum diskum sem falla undir SN-númer 0307 21, 0307 29 og 1605 52 00;
- hrísgrjón og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 1006, 1102 90 50, 1103 19 50, 1103 20 50, 1104 19 91, 1104 19 99, 1104 29 17, 1104 29 30, 1104 29 59, 1104 29 89, 1104 30 90, 1901, 1904 10 30, 1904 20 95, 1904 90 10 og 1905 90;
- sojabauinir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 1201 90, 1208 10 og 1507;
- japansfífill (*Petasites japonicus*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- *Aralia* spp. og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- bambussproti og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90, 0712 90, 2004 90 og 2005 91;
- arnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- kórfulburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- gallaldin (*Diospyros* spp.) og afleiddar afurðir úr því sem falla undir SN-númer 0810 70 00, 0810 90, 0811 90, 0812 90 og 0813 50;

**(b) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Gunma, Ibaraki, Tochigi, Miyagi, Chiba eða Iwate:**

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59, 0712 31, 0712 32, 0712 33, 0712 39, 2003 10, 2003 90 og 2005 99 80;
- fiskur og lagarafurðir sem falla undir SN-númer 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 1504 10, 1504 20, 1604 og 1605, að undanskildum diskum sem falla undir SN-númer 0307 21, 0307 29 og 1605 52 00;
- *Aralia* spp. og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- bambussproti og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 07 09 99, 0710 80, 0711 90, 0712 90, 2004 90 og 2005 91;
- arnarburkni (*Pteridium aquilinum*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- kórfulburkni (*Matteuccia struthiopteris*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;

**(c) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Akita, Yamagata eða Nagano:**

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59, 0712 31, 0712 32, 0712 33, 0712 39, 2003 10, 2003 90 og 2005 99 80;
- *Aralia* spp. og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- bambussproti og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90, 0712 90, 2004 90 og 2005 91;
- japanskur kóngaburkni (*Osmunda japonica*) og afleiddar afurðir úr honum sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;

**(d) afurðir sem eru upprunnar í héruðunum Yamanashi, Shizuoka eða Niigata:**

- ætisveppir og afleiddar afurðir úr þeim sem falla undir SN-númer 0709 51, 0709 59, 0710 80 61, 0710 80 69, 0711 51 00, 0711 59, 0712 31, 0712 32, 0712 33, 0712 39, 2003 10, 2003 90 og 2005 99 80;
- koshiabura (sprotar af *Eleuterococcus sciadophylloides*) og afleiddar afurðir úr henni sem falla undir SN-númer 0709 99, 0710 80, 0711 90 og 0712 90;

**(e) samsettar vörur sem innihalda meira en 50 % afurðanna sem um getur í a- til d-lið þessa viðauka.**



## III. VIÐAUKI

## Yfirlýsing fyrir innflutning til Evrópusambandsins á

(Afurð og upprunaland)

Auðkenniskóði framleiðslulotu ..... Yfirlýsing nr. ....

Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/6 um setningu sérstakra skilyrða fyrir innflutningi á fœðri og matvælum, sem eru upprunnin í Japan eða send þadan, í kjölfar slyssins í Fukushima-kjarnorkuverinu

(authorised viðurkenndur fulltrúi sem um getur í 2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6)

LÝSIR ÞVÍ YFIR að ..... (afurðir sem um getur í 1. mgr. 5. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/6)

í þessari vörusendingu sem er samsett úr: .....

..... (lýsing á vörusendingu, afurð, fjöldi og tegund pakkinga, heildarþyngd eða eigin þyngd)

fermd í ..... (fermingarstaður)

hinn ..... (fermingardagur)

af ..... (nafn flutningsaðila)

fer til ..... (staður og viðtökuland)

sem kemur frá starfsstöðinni ..... (heiti og heimilisfang starfsstöðvar)

eru í samræmi við gildandi lögjöf í Japan að því er varðar hámarksgildi fyrir samanlagt magn sesíums-134 og sesíums-137.

LÝSIR ÞVÍ YFIR að vörusendingin varðar:

- ætisveppi, fisk og lagarafurðir, hrísgrjón, sojabaunir, gallaldin, japansfífla, Aralia spp. bambussprota, arnarburkna, japanskan kóngaburkna, körfuburkna og koshiabura eða afleiddar afurðir eða fœðurlöndu eða samsett matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem hafa verið uppskorin og/eða unnin fyrir 11. mars 2011;
- ætisveppi, fisk og lagarafurðir, hrísgrjón, sojabaunir, gallaldin, japansfífla, Aralia spp. bambussprota, arnarburkna, japanskan kóngaburkna, körfuburkna og koshiabura eða afleiddar afurðir eða fœðurlöndu eða samsett matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru ekki upprunnin í og eru ekki send frá einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist;
- ætisveppi, fisk og lagarafurðir, hrísgrjón, sojabaunir, gallaldin, japansfífla, Aralia spp. bambussprota, arnarburkna, japanskan kóngaburkna, körfuburkna og koshiabura eða afleiddar afurðir eða fœðurlöndu eða samsett matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru send frá en eru ekki upprunnin í einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist, og hafa ekki orðið fyrir geislavirkni við flutning;
- ætisveppi, fisk og lagarafurðir, hrísgrjón, sojabaunir, gallaldin, japansfífla, Aralia spp. bambussprota, arnarburkna, japanskan kóngaburkna, körfuburkna og koshiabura eða afleiddar afurðir eða fœðurlöndu eða samsett matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum, sem eru upprunnin í einu af héruðunum, sem tilgreind eru í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/6, þar sem sýnatöku og greiningar á þessari afurð er krafist, og sýni voru tekin úr hinn ..... (dagsetning), og sett í greiningu á rannsóknarstofu ..... (dagsetning) á ..... (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarntegundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með;
- ætisveppi, fisk og lagarafurðir, hrísgrjón, sojabaunir, gallaldin, japansfífla, Aralia spp. bambussprota, arnarburkna, japanskan kóngaburkna, körfuburkna og koshiabura af óþekktum uppruna eða afleiddar afurðir eða fœðurlöndu eða samsett matvæli, sem innihalda meira en 50% af þessum afurðum sem innihaldsefni af óþekktum uppruna, sem hafa verið tekin sýni af ..... (dagsetning) og sett í greiningu á rannsóknarstofu ..... (dagsetning) á ..... (heiti rannsóknarstofu), til að ákvarða styrk geislavirku kjarntegundanna sesíums-134 og sesíums-137. Skýrslan um greiningu fylgir með.

Gjört í ..... hinn .....

Stimpill og undirskrift viðurkennds fulltrúa sem um getur í  
2. eða 3. mgr. 6. gr. framkvæmdarreglugerðar  
(ESB) 2016/6